

Ávarp utanríkisráðherra við setningu viðburðar til að minnast 70 ára afmælis Sameinuðu þjóðanna

Iðnó 30. október 2015

Frú Vigdís Finnbogadóttir,
Mennta- og menningarmálaráðherra,
Góðir gestir.

Það er jafnan gleðiviðburður þegar kallað er saman í afmælisfagnað og svo er einnig nú. Afmælisbarnið er þó ekki barn í venjulegum skilningi, en ekki háaldrað þó – heldur 70 ára ungt.

Sameinuðu þjóðirnar, sem litu dagsins ljós árið 1945, hafa séð tímana tvenna og margt er öðruvísi í umhverfi þeirra nú en við fæðingu. Stofnunin hefur á þeim árum sem liðið hafa vaxið að umfangi og aðildarríkjum hefur fjölgað jafnt og þétt. Hún hefur verið förunautur okkar sem hér erum og ef vel er að gáð sjáum við okkar eigið líf og sögu Íslands endurspeglast í því starfi, þeim áfangasigrum og þeim gildum sem samtökin standa fyrir.

Þrátt fyrir gerbreytta heimsmynd frá því að Sameinuðu þjóðirnar hófu starfsemi, standa grunngildi stofnunarinnar sem fyrr sem klettur í alþjóðahafinu og þar stöndum við Íslendingar vaktina. Stofnunin lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi og hefur lagt gjörva hönd á framgang mála sem við í dag teljum sjálfsögð mannréttindi – en kostuðu tíma, árræði og úthald samhentra ríkja.

En þetta þýðir ekki að öll erfið mál séu leyst og að Sameinuðu þjóðirnar hafi aldrei skotið framhjá í þeim leik sem stofnunin er þátttakandi í. Á móti hverjum áfanga sem stofnunin hefur náð, er eflaust hægt að finna önnur tilvik þar sem stofnunin stóð ekki undir væntingum okkar. Þannig er gangur mála í

flestu því sem við tökum okkur fyrir hendur og þýðir einfaldlega, í augum þess sem hér stendur, að við verðum að halda áfram að gera eins vel og við getum - og helst betur í dag en í gær. Í stóru málunum sannast oft hið fornkveðna - að dropinn holar steininn.

Aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum var eitt fyrsta skrefið sem hið unga lýðveldi tók en um leið eitt hið mikilvægasta. Sem smáríki sóttum við skjól í samfélagi þjóða sem hluti af alþjóðakerfi sem byggir á lögum og rétti og virðingu þjóða í millum. Í þannig umhverfi geta ríki eins og Ísland unnið málum framgang án þess að viðmælendur eða hugsanlegir andstæðingar njóti aflsmunar.

Gott dæmi um slíkt er gerð Hafréttarsamningsins þar sem Ísland var í fararbroddi ríkja. Hafréttarsamningurinn, sem endanlega var samþykktur árið 1982, hefur verið okkur Íslendingum gríðarlega mikilvægur en þar er, eins og flest ykkar vita, að finna ákvæði um landhelgi, efnahagslögsögu og rétt ríkja til að nýta auðlindir sínar og loks hvernig leysa skuli þau deilumál sem upp kunna að koma. Það er á þessum trausta grunni sem íslensk stjórnvöld standa á þegar auðlindanýting í hafinu er til umræðu á alþjóðasviðinu, enda eru málefni hafsins að verða sífellt fyrirferðarmeiri.

Ísland hefur reynt eftir megni að tala máli þeirra sem ekki eiga rödd á alþjóðasviði ákvörðunartöku og hefur frá upphafi staðið fyrir mannréttindum og mannúð, oftar en ekki í góðu og nánú samstarfi með vinum okkar á Norðurlöndunum, sem söfnuðust hér saman í vikunni undir merkjum Norðurlandaráðs.

Í mannréttindamálum hafa mikilvægir sigrar unnist þó enn sé óunnið land. Af mörgu er að taka en mig langar að nefna sérstaklega vinnu við að rétta hlut

kvenna og stúlkna. Þar hafa íslensk stjórnvöld skipað sér í sveit réttu megin við strikið. Ísland hefur lagst á árar með UN Women í að vinna að framgangi „HeforShe“ verkefnisins og talað fyrir því máli við öll tækifæri. Rakarastofu verkefnið, sem Ísland kom á fót, er framtak til að virkja karla í þessu mikilvæga starfi. Það eru karlar sem verða að taka skrefið til fulls og Ísland vill ýta þeim af stað. Nú er svo komið að Rakarastofu verkefnið er á dagskrá í mismunandi fjölbjóðlegum stofnunum og væntum við þess að það skili umtalsverðum árangri.

Þá vil ég nefna sérstaklega þá fjóra skóla innan vébanda Háskóla Sameinuðu þjóðanna, það er Jarðhitaskólann, Sjávarútvegsskólann, Landgræðsluskólann og loks Jafnréttisskólann sem starfa hér á landi. Starfsemi skólanna er mikilvægt framlag okkar til þróunarsamvinnu og endurspeglar vel þær áherslur og þau mál sem íslensk stjórnvöld standa og tala fyrir.

En verkefni eru óteljandi og mikilvægi þeirra óumdeilt. Nýsamþykkt heimsmarkmið sjálfbærrar þróunar, sem Anna Pála ætlar að fjalla um hér á eftir, er mál sem bíður okkar allra að takast á við og loftlagsráðstefnan í París í desember, svokallaður COP21 fundur, er mikilvægasti fundur á sviði loftlagsmála í fjölda ára og hafa margir sérfræðingar kallað þetta úrslitaorrustuna í loftlagsmálum. Einnig er ljóst að flóttamannavandinn, sem við okkur blasir, verður á endanum ekki leystur nema sjónum verði beint að rótum vandans og ábyrgð öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í því tilliti.

Því má ljóst vera að verkefni Sameinuðu þjóðanna þrýtur ekki og ríki heims líta áfram til stofnunarinnar til að leiða og leysa stóru málin. Frá Sameinuðu þjóðunum er kallað daglega eftir íslensku framlagi og við verðum að svara því kalli, bæði þau sem starfa Íslandi og þau okkar sem starfa á alþjóðasviðinu – verkefni eru okkar að leysa í sameiningu.

Ég vil leyfa mér að lokum að ítreka hamingjuóskir mínar til Sameinuðu þjóðanna og bið ykkur vel að njóta þeirrar þéttu og góðu dagskrár sem boðið er upp á hér í dag.

Þakka ykkur fyrir